



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts

**Menntun án aðgreiningar**

**Gæðamenntun fyrir alla**

Haukur Þórðarson

**Lokaritgerð til B.Mus. Ed.-prófs**

**Listaháskóli Íslands**

**Tónlistardeild**

**Nóvember 2021**



# Menntun án aðgreiningar

Gæðamenntun fyrir alla

Haukur Þórðarson

Lokaritgerð til B.Mus. Ed.-prófs í klassískri söng- og hljóðfærakennslu

Leiðbeinandi: Valgerður Jónsdóttir

Klassísk söng- og hljóðfærakennsla

Tónlistardeild

Nóvember 2021

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaritgerð til B.Mus. Ed.-prófs í klassískri söng- og hljóðfærakennslu. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.



# LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

## Iceland University of the Arts

### Útdráttur

Mikið er lagt upp úr því að allir fái notið sín í íslensku menntakerfi. Markmiðið er að veita gæðamenntun án nokkurrar mismununar. Sú stefna hefur gengið undir tveimur nöfnum, menntun án aðgreiningar eða skóli án aðgreiningar. Stefnan gerir auknar kröfur um menntun og fjölhæfni starfsfólks skólasamfélagsins. Sérstaklega er athyglisvert að skoða hvaða þýðingu hún hefur fyrir tónlistarskóla og hvaða lærdóm má draga af reynslu og viðhorfi skólasamfélagsins til stefnunnar. Skoðaðar voru skýrslur sem gerðu úttekt á framkvæmd stefnunnar á Íslandi. Þá var einnig stuðst við önnur gögn sem hafa mótað það umhverfi sem skólasamfélagið býr við í dag. Svo sem lagasetningar, aðalnámskrár, alþjóðasamþykktir, kjarasamninga og fleira. Helstu niðurstöður eru þær, að skilgreina þarf betur og samræma hugtök sem skólasamfélagið notar í framkvæmd stefnunnar og umfjöllun sinni um hana. Almennt er skoðunin sú að stefnan um menntun án aðgreiningar sé ekki orðin föst í sessi í grunnmenntun kennara og þjálfunin sem kennarar fá ekki talin falla vel að stefnu ríkis og sveitarfélaga um menntun án aðgreiningar. Hlutverk tónlistarskóla innan stefnunnar er óskýrt og geta tónlistarskólanna til að starfa samkvæmt stefnunni vafasöm miðað við núverandi menntunarkröfur.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Menntun án aðgreiningar .....	1
Viðhorf til stefnunnar .....	8
Hvaða þýðingu hefur menntun án aðgreiningar fyrir tónlistarskóla? .....	13
Tónlistarkennari .....	16
Niðurlag .....	17
Heimildaskrá .....	19



## **Inngangur**

Veturinn 2014 byrjaði ég að vinna í sértækri félagsmiðstöð sem tekur á móti börnum með fatlanir í 5. - 10. bekk. Yfir skólaárið er félagsmiðstöðin opin frá 13:00 til 17:00 eftir að skóla lýkur hjá krökkunum ásamt því að hafa opið frá 08:00 til 17:00 þegar starfsdagar eru í skólunum. Á sumrin er líka boðið upp á þjónustu frá 08:00 til 17:00. Á ársgrundvelli verja því margir krakkar meiri tíma í frístunda/félagsmiðstöðvastarfi heldur en í grunnskólanum sínum. Sem sýnir augljóslega mikilvægi þess að viðhalda gæðum í öflugu félagsmiðstöðvastarfi.

Sama vetur og ég byrjaði að vinna í félagsmiðstöðinni hóf ég einnig nám við tónlistarskóla FÍH á klassískan gítar. Síðan hafa liðið 7 ár og nú er ég á þriðja ári í klassískri hljóðfærakennslu við Listaháskóla Íslands og er enn við störf í sömu félagsmiðstöðinni. Starfið í félagsmiðstöðinni hefur verið afbragðs undirbúningur fyrir námið í klassískri söng- og hljóðfærakennslu. Þar hef ég getað haft puttann á púlsinum varðandi málefni sem snúa að hagsmunum og uppfræðslu ungmenna í gegnum hina ýmsu fræðslu og námskeið á vegum félagsmiðstöðvarstarfsins. Kennaranámið hefur komið með nýjan vinkel á þá starfsreynslu og þekkingu sem ég hef öðlast síðustu sjö árin þar sem námsefnið kallast talsvert á við félagsmiðstöðvarstarfið. Ber þar helst að nefna hugtakið menntun án aðgreiningar.

Þegar þetta er skrifað eru breytingar væntanlegar á sértæku félagsmiðstöðvarstarfi. Til stendur að þjónustuþegar sértækra félagsmiðstöðva sækja sínar almennu félagsmiðstöðvar í stað sértækra undir merki frístundastarfs án aðgreiningar. Sem leiðir mig að efni ritgerðarinnar. Hvað er menntun án aðgreiningar og hvaða þýðingu hefur stefnan fyrir tónlistarskóla? Getur verið að aðgreining eigi sér stað innan tónlistarskólanna? Eru tónlistarskólar og tónlistarkennarar nægilega vel undir það búnir að geta starfað samkvæmt stefnunni? Hvað hefur komið fram í þeim skýrslum sem hafa verið unnar í tengslum við menntun án aðgreiningar?

## **Menntun án aðgreiningar**

Ísland hefur sett sér ákveðna stefnu í menntamálum barna og skuldbundið sig til að framfylgja henni. Sú stefna gengur út á það að veita öllum gæðamenntun án aðgreiningar.

Það er verðugt verkefni og göfug hugsjón. En það hefur líkast til ekki alveg tekist eins vel og lagt var upp með. Á því eru nokkrar skýringar. Ýmist hafa hugtökin skóli án aðgreiningar eða menntun án aðgreiningar verið notuð til þess að tákna stefnuna. Í þeim skýrslum sem fjalla um stefnuna kemur fram að vítt og breytt í skólasamfélaginu sé alla jafna mismunandi skilningur lagður í hugtökin og einnig um hvert hlutverk stefnunnar eigi að vera. Þetta hefur leitt til þess að framfylgd stefnunnar í skólakerfinu er óljós. Þá virðist því einnig vera ábótavant að þær stofnanir sem veita kennaramenntun undirbúi nemendur sína nægilega vel til þess að framfylgja þeirri stefnu að veita menntun án aðgreiningar.

Í þessu ljósi ætla ég að reyna að skapa smá yfirsýn yfir hvernig hugtakaþróunin hefur verið og hver tilgangur hennar sé, eins og það er orðað í opinberum gögnum.

Árið 1994 var haldin alþjóðleg ráðstefna um menntun nemenda með sérþarfir í Salamanca á Spáni. Ísland ásamt 91 öðru ríki átti fulltrúa á ráðstefnunni. Gefin var út viljayfirlýsing til bóta, þó ekki bindandi sáttmáli.<sup>1</sup> Í Salamanca-yfirlýsingu kemur hugtakið skóli án aðgreiningar fyrst fyrir í íslensku máli. Megininntak yfirlýsingarinnar, að öllum grunnskólum sé skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt, lá til grundvallar heildstæðri aðalnámskrá fyrir grunnskóla sem kom út árið 1999.

Stefnan um skóla án aðgreiningar var staðfest og lögfest með grunnskólalögum sem tóku gildi árið 2008 og útfærð í reglugerðum og aðalnámskrá í kjölfarið. Stefnan nær einnig til leikskóla og framhaldsskóla.<sup>2</sup>

Árið 1992 fullgilti Ísland Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í honum er menntun skilgreind sem ein grundvallarréttindi allra barna og tiltekið að öll börn skuli njóta réttinda sáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana, ætternis, fötlunar og félagslegrar stöðu. Sáttmálinn kveður á um að menntun eigi að gefa börnum færi á að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt árið 1948 og löggilt á Íslandi árið 1994. Þar er tekið fram að menntun teljist til mannréttinda og sé grunnur þess að einstaklingar geti notið þeirra samfélagslegu gæða sem eru til staðar.<sup>3</sup> Þá ber að nefna að í 24. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er gert ráð fyrir menntun án aðgreiningar á öllum

---

<sup>1</sup> Menntamálaráðuneytið. *Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. 1995.

<sup>2</sup> *Lög um grunnskóla 2008* nr. 91.

<sup>3</sup> Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, útgáfudagur: 10. desember 2008.

skólastigum.<sup>4</sup> Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var fullgiltur á Íslandi árið 2016.

Af þessu má sjá að Ísland hefur sett sér það markmið að mennta öll börn á árangursríkan hátt í skóla án aðgreiningar. En hvað það þýðir og hvernig á að gera það liggur ekki alveg ljóst fyrir í skólasamfélaginu.

Árið 2015 kom út skýrsla starfshóps á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar. Hópurinn tók til starfa haustið 2013 og starfaði fram í maí 2015. Í starfshópnum sátu fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi íslenskra grunnskólakennara og velferðarráðuneytinu.<sup>5</sup> Þar var þessi mynd dregin upp af ástandinu:

Niðurstaða starfshópsins er sú að greining, umfram það sem skýrsla þessi dregur fram um hvernig til hafi tekist með framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar hér á landi, sé nánast ómöguleg á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Færa má rök fyrir því að stefna um skóla án aðgreiningar hafi hvorki verið skilgreind né innleidd með nægilega skipulögðum hætti hér á landi eða kostnaðarmetinn sem skyldi og því erfiðleikum bundið að leggja mat á árangurinn.<sup>6</sup>

Í framhaldinu lagði starfshópurinn til að Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir yrði fengin til að gera úttekt á framkvæmd menntastefnu um skóla án aðgreiningar á Íslandi, með aðferðafræði sem þegar hafði verið reynd á vegum miðstöðvarinnar. Ísland hefur verið fullgildur þátttakandi í starfi miðstöðvarinnar frá upphafi hennar árið 1996.<sup>7</sup>

Evrópumíðstöðin skilað skýrslu vegna úttektarinnar árið 2017, sem bar heitið „Menntun fyrir alla á Íslandi – Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Ísland“. Fram

---

<sup>4</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. *Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar, skýrsla starfshóps*. 2015, 8-9.

<sup>5</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. *Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar, skýrsla starfshóps*. 2015.

<sup>6</sup> *Ibid*, 2.

<sup>7</sup> *Ibid*.

kemur að við vinnslu skýrslunnar urðu skýrsluhöfundar þess varir að um víðtækan vanda var að ræða í tengslum við hugtakið skóli án aðgreiningar.<sup>8</sup>

Við vinnu á skýrslunni Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar varð starfshópurinn fljótlega var við víðtækan vanda í tengslum við hugtakið:

Hópurinn mótaði í upphafi starfs síns verkáætlun um framkvæmd verkefnisins. Í henni var lagt upp með að skoða framkvæmd og þróun skólastarfs út frá innihaldi stefnunnar, þjónustukerfinu og verkaskiptingu innan þess, nemendum, foreldrum, stuðningi sem væri veittur við framkvæmd stefnunnar, mannauði, menntun og þekkingu mannauðsins, aðstöðu, verklagi og fjármagni. Eftir að vinna hófst á grundvelli verkáætlunar kom hins vegar í ljós að verkefnið var flókið úrlausnar og mun umfangsmeira en virtist í fyrstu. Ástæður fyrir því felast meðal annars í því að skilningur á hugtakinu „skóli án aðgreiningar“ virðist vera mismunandi innan skólasamfélagsins, ólíkar hugmyndir eru um það hvenær upphaf stefnu um skóla án aðgreiningar var, ekki eru til gögn sem sýna fram á stöðu mála fyrir tíma stefnunnar og grunn gögn til greiningar eru ekki fullnægjandi. Vegna þessa reyndist erfitt að ramma verkefnið inn þannig að umfang þess væri viðráðanlegt, sem og að ákveða hvað nákvæmlega ætti að greina, á hvaða forsendum og hvernig.<sup>9</sup>

Ljóst er að nokkurt stefnuleysi hefur einkennt stefnuna í menntakerfinu frá því hún var lögfest með grunnskólalögunum 2008. Þær hugsjónir sem við viljum að einkenni íslenskt menntakerfi undir merki skóla án aðgreiningar virðast hafa átt erfitt uppdráttar. Þar virðist helsta orsökina vera að lítið utanumhald hafi verið um stefnuna frá upphafi og kennarar óvissir með hlutverk sitt innan hennar og hvernig hugtakið sé skilgreint.

Skýrsluhöfundar ákváðu að nálgast hugtakið skóli án aðgreiningar á eftirfarandi hátt:

---

<sup>8</sup> Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. Menntun fyrir alla á Íslandi – Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Óðinsvéum, Danmörku: Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir.

<sup>9</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. *Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar, skýrsla starfshóps*. Maí 2015, 4.

Starfshópurinn ákvað að lokum að byggja vinnu sína á hugtakinu „skóli án aðgreininga“ eins og það er skilgreint og notað í opinberum gögnum sem setja fram hugmyndafræðina og skilgreina ábyrgð, réttindi og skyldur þar til greindra aðila sem m.a. koma að þjónustu við nemendur. Er hér átt við aðila jafnt innan menntakerfisins sem heilbrigðis- og félagsþjónustukerfisins.<sup>10</sup>

Starfshópurinn vantaði frekari tölfraeðileg gögn sem vörðuðu framkvæmd stefnunnar og samningur var gerður 15. mars 2014 við Menntavísindastofnun Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar við vinnu á eftirfarandi þáttum:

1. Greiningu á skilgreiningum og túlkunum á hugtakinu skóli án aðgreiningar í opinberum gögnum (þar með talið lögum, reglugerðum, samþykktum og alþjóðasáttmálum) og skilgreiningu á því hvernig framkvæmd stefnunnar skuli háttáð með tilliti til ábyrgðar og skyldna þeirra aðila sem koma að framkvæmdinni.
2. Samantekt yfir niðurstöður rannsókna, úttekta, meistaraþrófsritgerða, doktorsritgerða, þróunarverkefna og annars efnis sem til er um skóla án aðgreiningar og framkvæmd skólastarfs innan þeirrar hugmyndafræði og metið er að komið geti að gagni í vinnu starfshópsins.
3. Greiningu á fyrirliggjandi hrágögnum frá Hagstofu Íslands sem og annarra aðila, svo sem Reykjavíkurborgar, um framkvæmd skólastarfs er lýtur að menntastefnu um skóla án aðgreiningar.<sup>11</sup>

Líkt og fyrr segir virðist svo vera sem að utanumhaldi stefnunnar hafi verið ábótavant og skort hafi á gögn til að skapa heildstæða yfirsýn á stefnuna. Vinna starfshópsins við skýrsluna Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar sem kom út árið 2015 leiddi

---

<sup>10</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. *Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar, skýrsla starfshóps*. Maí 2015, 5.

<sup>11</sup> Ibid.

þó til frekari athugana á stefnunni. Má þar nefna skýrsluna Skóli án aðgreiningar – Samantekt á lögum og fræðilegu efni.<sup>12</sup>

Í skýrslunni var stuðst við eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu skóli án aðgreiningar eins og hún kemur fram í reglugerð 585/2010, 2. gr:

Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi.<sup>13</sup>

Menntun án aðgreiningar tengist líka stefnunni um skóla án aðgreiningar. En hún virðist fela í sér menntunina sem slíka sem á sér stað í grunnskólunum og hljómar svona í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011:

Menntun án aðgreiningar er samfelld ferli sem hefur það markmið að bjóða upp á góða menntun fyrir alla. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og leggja skal áherslu á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum.<sup>14</sup>

Ýmsir vegvísar hafa í gegnum tíðina verið reistir að því markmiði að öll börn skuli hljóta gæðamenntun í íslenskum skólum og má þar helst nefna eftirfarandi (byggt á samantekt í skýrslunni Skóli án aðgreiningar – Samantekt á lögum og fræðilegu efni, Menntavísindastofnun Háskóla Íslands<sup>15</sup>):

---

<sup>12</sup> Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. *Skóli án aðgreiningar – Samantekt á lögum og fræðilegu efni*. Maí, 2014.

<sup>13</sup> Reglugerð 585/2010, 2. gr.

<sup>14</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, 41.

<sup>15</sup> Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. *Skóli án aðgreiningar – Samantekt á lögum og fræðilegu efni*. Maí, 2014.

-Lög um fræðslu barna, 1946: Ákvæði um að ríki og sveitarfélögum sé skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar.<sup>16</sup>

-Aðalnámskrá grunnskóla, 1976. M.a. að ekki skuli skipta nemendum í deildir eftir getu eða námsárangri. Skólastarf skuli vera fjölbreytt og sveigjanlegt.<sup>17</sup>

-Barnasáttmáli SP samþykktur á Íslandi, 1992.<sup>18</sup>

-Lög um málefni fatlaðra, 1992. Markmið laganna að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.<sup>19</sup>

-Salamanca yfirlýsingin, 1994: Kveðið á um mikilvægi þess að veita einstaklingum með sérþarfir viðeigandi menntun. Inclusive education (skóli margbreytileikans) kynnt til sögunnar.<sup>20</sup>

-Lög um grunnskóla, 1995. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun. Börn og unglingar sem eiga erfitt með nám eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi.<sup>21</sup>

-Aðalnámskrá grunnskóla, 1999. Segir að grunnskólum sé skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt og engum skuli mismunað.<sup>22</sup>

-Dakar-sáttmálinn UNESCO, 2000: Menntun fyrir alla.<sup>23</sup>

-Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2007. Fullgiltur 2016. Kveður m.a. á um fulla og virka þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar.<sup>24</sup>

---

<sup>16</sup> *Lög um fræðslu barna* 1946, 1-2. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/91/s/pdf/0306.pdf>

<sup>17</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla* 1976. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/111/s/0691.html>

<sup>18</sup> Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18, 2. nóvember 1992. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/150b/1992018.2c5.html>

<sup>19</sup> *Lög um málefni fatlaðra* nr. 59/1992. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/137/1992059.html>

<sup>20</sup> Menntamálaráðuneytið. *Salamanca-yfirlýsingin og Rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. 1995. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/salamanca.pdf>

<sup>21</sup> *Lög um grunnskóla* nr. 66/1995. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/135a/1995066.html>

<sup>22</sup> Menntamálaráðuneytið. *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. 1999. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab0>

<sup>23</sup> Menntamálaráðuneytið. *Menntun fyrir alla - Yfirlýsing sett fram á alþjóðaráðstefnu UNESCO í Dakar árið 2000. Ísland, skýrsla nefndar*. 2002. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/Dakarskyrsla.pdf>

<sup>24</sup> Dómsmálaráðuneytið. *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - ný þýðing* (ártal vantar á þýðingu). Sótt af [https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Mannrettindi-og-jafnretti/Mannrettindi/N%20c3%bd%20c3%be%20c3%bd%20c3%b0ing%20c3%a1%20samningi%20S%20c3%9e%20um%20r%20c3%a9ttindi%20fatla%20c3%b0s%20f%20c3%b3lks%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Mannrettindi-og-jafnretti/Mannrettindi/N%20c3%bd%20c3%be%20c3%bd%20c3%b0ing%20c3%a1%20samningi%20S%20c3%9e%20um%20r%20c3%a9ttindi%20fatla%20c3%b0s%20f%20c3%b3lks%20-%20Copy%20(1).pdf)

-Lög um grunnskóla, 2008: Inclusive education, skóli án aðgreiningar.<sup>25</sup>

-Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla og reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga, 2010.<sup>26</sup>

-Aðalnámskrá grunnskóla, 2011: Helstu grunnþættir íslensks skólakerfis; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.<sup>27</sup>

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna lögfestur 2013. M.a. ákvæði að öllum börnum innan lögsögu aðildarríkis skuli tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum, án mismununar af nokkru tagi (2. gr.).<sup>28</sup>

Þessir vegvísar hafa skapað það umhverfi sem lærdómssamfélagið býr við í dag. Ekki er hægt að sjá annað en að það hafi verið unnið markvisst að því að útrýma allri mismunun úr menntakerfinu með ýmsum hætti og réttur allra til gæðamenntunar ítrekaður. Það er hins vegar flókið mál að koma til móts við þarfir allra og mikilvægt að allir séu að róa í sömu átt. Þá er líka spurningin hver reynsla þeirra er sem hafa lent í því hlutverki að framfylgja stefnunni.

## **Viðhorf til stefnunnar**

Stefnan um skóla án aðgreiningar eða menntun án aðgreiningar, er sá farvegur sem menntamálin eru í. Það er þá ekki úr vegi að skyggjast í þau gögn sem bera vitnisburð þeirra sem vinna undir merkjum stefnunnar.

Árið 2017 skilaði Evrópumíðstöðin skýrslunni „Menntun fyrir alla á Íslandi - Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi.“ Úttektin var unnin að beiðni fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins og skyldi hún taka mið af fyrra mati

---

<sup>25</sup> Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

<sup>26</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. *Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla* nr. 585/2010. Sótt af <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/mennta--og-meningarmalaraduneyti/nr/16591>

<sup>27</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. *Aðalnámskrá grunnskóla 2011 almennur hluti*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab0>

<sup>28</sup> Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013019.html>



starfshóps á stefnunni (sjá skýrsluna Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar). Úttektin tók til leik-, grunn- og framhaldsskólastigs.<sup>29</sup>

Evrópumiðstöðin er sjálfstæð stofnun 30 Evrópuríkja sem hafa með sér samstarf um málefni er lúta að menntun án aðgreiningar og sérþörfum í námi. Tilgangur hennar er að vinna að umbótum á stefnu og framkvæmd menntamála í þágu nemenda með fötlun og sérþarfir í námi.<sup>30</sup>

Það er athyglisvert að sjá að í skýrslunni frá Evrópumiðstöðinni er hugtakið menntun án aðgreiningar talið þýða það sama og skóli án aðgreiningar:

Þessa ytri úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar ber að skoða í heildarsamhengi við það þróunarstarf sem á sér stað á Íslandi á þessu sviði. Evrópumiðstöðin byggði úttekt sína á fyrirbyggjandi niðurstöðum starfshóps sem lagði mat á framkvæmd stefnunnar árið 2015 (sjá skýrsluna Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar).<sup>31</sup>

Hvers vegna það er gert er hvergi útskýrt. En eftirfarandi gefur kannski einhverja vísbendingu:

Aftur á móti er það einnig almenn skoðun þeirra að nauðsynlegt sé að skýra betur hugtakið „menntun án aðgreiningar“. Hvarvetna í skólasamfélaginu lítur meirihluti viðmælenda svo á að einkar mikilvægt sé að skýra hugtakið menntun án aðgreiningar með tilliti til íslenskra aðstæðna sérstaklega, eins og lagt var til í mati á framkvæmd stefnunnar um menntun án aðgreiningar, sjá skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, 2015.<sup>32</sup>

---

<sup>29</sup> Ibid, 9.

<sup>30</sup> Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. Menntun fyrir alla á Íslandi – Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Óðinsvéum, Danmörku: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 9.

<sup>31</sup> Ibid, 18.

<sup>32</sup> Ibid, 50.

Þarna er farið rangt með nafnið á skýrslunni „Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar.“ Það verður því að teljast eðlilegt að það sé krafa um að skýra hugtakið betur þegar mismunandi hugtök eru notuð til að tákna ákveðna stefnu.

Evrópumiðstöðin virðist þó ganga út frá því í skýrslu sinni að skóli án aðgreiningar og menntun án aðgreiningar tákni hið sama, eins og sjá má á eftirfarandi:

Á árunum 2013 til 2015 vann starfshópur á Íslandi úttekt á framkvæmd stefnunnar um menntun án aðgreiningar. Niðurstöðurnar birtust í lokaskýrslu með heitinu „Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar“ (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Í þeirri skýrslu er þó menntun án aðgreiningar aðeins nefnd einu sinni. Skólastarf án aðgreiningar er þó notað talsvert. Héðan í frá verður því notast við menntun án aðgreiningar í stað skóla án aðgreiningar þegar fjallað verður um niðurstöður skýrslu Evrópumiðstöðvar.

Sjö úttektarviðmið voru sett í skýrslunni:

1. viðmið: Allir í skólasamfélaginu sjái í menntun án aðgreiningar leið til að gefa öllum nemendum kost á gæðamenntun.

2. viðmið: Löggjöf og stefnumótun á sviði menntunar án aðgreiningar hafi það markmið að tryggja öllum nemendum jöfn tækifæri.

3. viðmið: Stefnunni sem mörkuð hefur verið á sviði menntunar án aðgreiningar sé komið til framkvæmda með árangursríkum hætti á öllum skólastigum.

4. viðmið: Öllum í skólasamfélaginu, á öllum stigum kerfisins, sé gert kleift að ígrunda og framkvæma dagleg störf sín með menntun án aðgreiningar að

leiðarljósi.

5. viðmið: Ráðstöfun fjármuna taki mið af sjónarmiðum um jöfnuð, skilvirkni og hagkvæmni.

6. viðmið: Stjórnunarhættir og gæðastjórnunaraðferðir tryggi að stefnumótun og framkvæmd á sviði menntunar án aðgreiningar nái fram að ganga á samhæfðan og árangursríkan hátt.

7. viðmið: Unnið sé að faglegri starfsþróun á árangursríkan hátt á öllum stigum kerfisins.<sup>33</sup>

Í meginniðurstöðunum hvað varðar styrkleika íslensks menntakerfis í að veita gæðamenntun án aðgreiningar kom fram skýr skilningur viðmælanda á því að hugmyndin um samfélag og menntun án aðgreiningar sé reist á grundvallarsjónarmiðum um lýðræði og félagslegt réttlæti. Koma þurfi til móts við þarfir allra barna og sjá til þess að þau hafi tækifæri til að spjara sig í menntakerfi sem gerir þeim kleift að ná árangri í námi og hindrar félagslega útskúfun. Þá kemur fram að það sé almenn skoðun á öllum stigum menntakerfisins að flestir Íslendingar skilji hvaða hag þjóðin hefur af fjölbreytileika samfélags og menntakerfis. Mikil samstaða er um markmiðin að baki stefnu um menntun án aðgreiningar. Þá kemur einnig fram að flestir í skólasamfélaginu séu á einu máli um að menntun án aðgreiningar varði alla nemendur, ekki aðeins tiltekna hópa með sérþarfir. Margir í skólasamfélaginu telja þó aðkallandi að gera skýrari grein fyrir hugtakinu menntun án aðgreiningar eins og það er notað á Íslandi. Líta má á það sem styrkleika hversu víðtæk samstaða er um að skýra þurfi betur hugtökin sem notuð eru í tengslum við menntun án aðgreiningar og leggja drög að árangursríkri framkvæmd stefnunnar.<sup>34</sup>

---

<sup>33</sup> Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. Menntun fyrir alla á Íslandi – Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Óðinsvéum, Danmörku: Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 12-13.

<sup>34</sup> Ibid, 49-50.

Bent var á að misræmi væri á milli þess skilnings sem foreldrar, kennarar og skólustjórnendur leggja í hugtakið menntun án aðgreiningar og markmiðanna sem liggja til grundvallar opinberri stefnu á þessu sviði. Margir bentu á að bil sé milli hugsjónarinnar um menntun án aðgreiningar og hvernig sé staðið að framkvæmd hennar. „Notkun ráðamanna og þeirra sem annast fræðslu á hugtakinu „menntun án aðgreiningar“ kemur öðrum í skólasamfélaginu stundum fyrir sjónir eins og merkimiði á starfinu sem unnið er, án þess að nokkrar breytingar hafi átt sér stað á því starfi í reynd“. Margir telja að umræðan um menntun án aðgreiningar sé öðruvísi en kennsluhættir hafi ekki breyst. Margt starfsfólk skóla segist óvísst um hvaða breytingar ætti að gera með tilliti til núgildandi reglna um fjárveitingar og fjárframlög og stofnanakerfisins sem smíðað hefur verið utan um þær.<sup>35</sup>

Almenn skoðun er víða í skólasamfélaginu að óvissan sem ríkir um hugtakið „menntun án aðgreiningar“ leiði til mismunandi túlkunar á stefnunni. Mjög skiptar skoðanir eru um hvernig standa beri að framkvæmd stefunnar í menntakerfinu í heild og í mismunandi aldurshópum. Þá sé menntun án aðgreiningar skilgreint með mismunandi hætti í hverjum skóla. Kallað er eftir aukinni umræðu til þess að auka skilning á því að menntun án aðgreiningar snýst um að bæta menntun og virða jafnan rétt nemenda. Sumir fulltrúar sveitarfélaga og skóla telja að menntun án aðgreiningar sé almennt lögð að jöfnu við þá tilhögun að nemendur sem greindir eru með sérþarfir sækji almenna skóla og bekkir, fremur en að gefa öllum nemendum kost á gæðamenntun. Fram kemur að iðulega sé ekki fjallað um aðra nemendur í tengslum við stefnuna, eins og til dæmis þá sem hafa mikla námshæfileika eða þá sem koma úr jaðarhópum en hafi ekki greiningu sem slíka. Annað sem styrki hugmyndina um að stefnan varði fyrst og fremst nemendur með sérþarfir sé að formleg greining á fötlun eða sérþörfum sé ein helsta forsenda fjárframlaga til skóla. Misskilningur er einnig varðandi það að stefnan krefjist þess að hver nemandi fái sérstakt námsefni og stundaskrá. Mörgu skólustarfsfólki þykir áherslan á einstaklingsbundna kennslu valda því að menntun án aðgreiningar virðist óraunsæ. Þá sé hlutverk stuðningskennslu fyrir einstaka nemendur og fámenna hópa, sérdeildir og sérskóla innan menntakerfis án aðgreiningar óskýrt.

Margir veltu fyrir sér nauðsyn aukinnar hæfni meðal starfsfólks almennra skóla til að veita námsaðstoð og stunda sérkennslu í menntun án aðgreiningar. Það kemur fram að þótt ein

---

<sup>35</sup> Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. Menntun fyrir alla á Íslandi – Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Óðinsvéum, Danmörku: Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 50-51.

stefna hafi verið mótuð um menntun án aðgreiningar séu væntingar og kröfur til hennar mismunandi eftir skólastigum. Framhaldsskólar noti ákveðna aðgreiningu og sérúrræði sem ekki væri talið viðeigandi í grunnskóla. Margir telja þessar ólíku væntingar stuðla að ójöfnuði í skólunum. Til þess að efla þann skilning á stefnunni að hún feli í sér leið til að gefa öllum nemendum kost á gæðamenntun þyrfti að kynna hana skipulega á öllum stigum kerfisins, veita meiri stuðning, eftirfylgni og fjármagn til menntakerfisins.<sup>36</sup>

Það er augljóst að mikill samhljómur er innan skólasamfélagsins um að búa þannig um hnútana að allir fái notið sín í íslensku menntakerfi. Viljann virðist ekki skorta til að gera vel. En svo virðist vera að stefnuna hafi skort nægjanlegt utanumhald til að fest sig í sessi. Það býður hættunni heim að hver túlki stefnuna á sinn hátt og leggi mismunandi skilning í þau hugtök sem við viljum að einkenni íslenskt menntakerfi. Fyrir mér væri það gagnlegt að setja ramma um hvað felist ekki í stefnunni. Sérstaklega þyrfti að gera betri greinarmun á aðgreiningu og mismunun. Gæðamenntun fyrir alla hlýtur að fela í sér einhvers konar aðgreiningu í vali á námsefni á forsendum nemenda, í því tilfalli myndi orðið *aðgreining* tákna einstaklingsmiðun. Stefnan virðist líka ekki ná nógu vel utan um þá sem skara fram úr í námi. Dæmi eru um að nemendum sé bannað að fara á undan bekknum í námsefninu. Þá getur skólastarf án aðgreiningar tekið á sig mynd mismununar. Því það hafa ekki allir sömu forsendur til að stunda nám.

## **Hvaða þýðingu hefur menntun án aðgreiningar fyrir tónlistarskóla?**

Það er áhugavert að velta því fyrir sér hvaða lærdóm tónlistarkennarar geta dregið af upplifun og skilningi annarra í skólasamfélaginu á stefnunni og hvort að stefnan geri einhverjar nýjar kröfur til tónlistarkennslu. Styrkleikar tónlistarkennslu gagnvart menntun án aðgreiningar eru margir í mínum huga. Nú nýtur hljóðfærakennsla þeirrar sérstöðu umfram aðrar greinar að kennslan fer oftar en ekki fram í einkatímum og ætti þar af leiðandi ekkert að koma í veg fyrir einstaklingsmiðað nám.

Einhvern vísi að menntun án aðgreiningar er að finna í aðalnámskrá tónlistarskólanna frá árinu 2000 þar sem segir: „Kennsluáðferðir mega ekki mismuna nemendum eftir

---

<sup>36</sup> Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. Menntun fyrir alla á Íslandi – Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Óðinsvéum, Danmörku: Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 52-53.

kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.“<sup>37</sup> Þá segir einnig: „Val á kennsluaðferðum og skipulag skólastarfs verður að miðast við að nemendur fái sem best tækifæri til náms og þroska.“<sup>38</sup> Það lítur þá þannig út að hlutverk tónlistarskóla sé að bjóða upp á gæðamenntun fyrir alla, án mismununar.

Árin 2008-2009 var ráðist í umfangsmikla úttekt á umfangi og gæðum list- og menningarfræðslu á Íslandi. Þar kom fram að sérþekking á sviði listfræðslu fyrir börn með sérþarfir virtist lítil. Um 72% tónlistarskóla tækju við nemendum með sérþarfir en tæplega helmingur þeirra skóla hefðu sérstaka þjónustu eða kennsluaðstæður fyrir þau börn.<sup>39</sup> Þessi tölfræði bendir til þess að einhverskonar mismunun eigi sér stað innan tónlistarskólanna.

Í meistararitgerð Steinunnar Guðnýjar við listkennsludeild LHÍ frá 2014 skoðaði hún hvaða hindranir gætu staðið í vegi formlegrar þátttöku fatlaðra einstaklinga í tónlistarnámi. Þar kom fram að helsta vandamálið væri aðgengi að upplýsingum frá tónlistarskóla og frá foreldrum til tónlistarskóla. Foreldrar eru hikandi við að senda börnin sín í skóla eða annað þar sem þeir eru ekki vissir um að börnin séu velkomin. Svo virðist vera að tónlistarskólar séu almennt ekki að senda nægilega sterk skilaboð um að þangað séu allir velkomnir.<sup>40</sup>

Það að bjóða upp á gæðamenntun fyrir alla án mismununar er krefjandi verkefni, en engu að síður mjög mikilvægt. Stefnan felur í sér miklar menntunarkröfur og kallar á samstarf og gagnsæi innan skólasamfélagsins. Mismununin sem fyrirnefnd tölfræði bendir til getur átt sér ýmsar orsakir og þarf ekki endilega að vera einskær brotavilji henni að baki, hvort sem það er í formi úreltra hugmynda eða fordóma. Eins og fyrir kom fram þá má leiða líkur að því að tónlistarskólar viti ekki hvernig þeir eigi að nálgast samfélag fatlaðra sem gerir það að verkum að krafan um jafnrétti og nám án mismununar verður að litlu í raunveruleikanum.

Það að veita öllum gæðamenntun kallar á opið hugarfar og viðhorfsbreytingu gagnvart jaðarhópum í skólasamfélaginu. Einnig má velta fyrir sér hvort þær menntunarkröfur sem eru gerðar til starfsfólks tónlistarskóla geri þá hæfa til að taka á móti öllum nemendum og hvort þeir séu nógu hæfir til þess að starfa undir formerkjum menntunar án aðgreiningar. Þá

---

<sup>37</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. *Aðalnámskrá tónlistarskóla – almennur hluti*, 23. Reykjavík, 2000.

<sup>38</sup> Ibid.

<sup>39</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Bamford, A. *List- og menningarfræðsla á Íslandi*, 101. Reykjavík: 2011.

<sup>40</sup> Steinunn Guðný Ágústsdóttir, „Allir með! Tónlistarnám fatlaðra barna – tækifæri og hindranir“ (meistararitgerð, Listaháskóli Íslands, 2014), 55.

er spurningin líka hvort að stefnan um menntun án aðgreiningar sé sýnileg og virk í námsuppyggingu þeirra sem mennta kennara.

Í úttekt Evrópumíðstöðvar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi kemur fram að margir í skólasamfélaginu telja að grunnmenntun kennara búi þá ekki nógu vel undir skólastarf án aðgreiningar.<sup>41</sup> Þá skorti kennara almennt líka menntun er veiti nauðsynlegan undirbúning til þess að vinna í samræmi við stefnu sveitarfélaga og ákvæði landslaga. Fulltrúar allra hópa skólasamfélagsins töldu að gefa þyrfti fleiri tækifæri til æfingakennslu í grunnmenntun og námi. Almennt var skoðunin sú að stefnan um menntun án aðgreiningar væri ekki orðin föst í sessi í grunnmenntun kennara og þjálfunin sem kennarar fá ekki talin falla vel að stefnu ríkis og sveitarfélaga um menntun án aðgreiningar. Þá þótti mörgum kennurum þeir ekki njóta stuðnings til að koma til móts við margbreytilegar námsþarfir nemenda.<sup>42</sup>

Það kom skýrt fram á vettvangi skólanna að það væri undir hverjum og einum komið hvort þeir sæktu sérstök námskeið um menntun án aðgreiningar í grunnnámi sínu eða í tengslum við símenntun eða faglega starfsþróun. Skoðun margra var að efnistöð í mörgum námskeiðum í grunnnámi og símenntun kennara ýttu undir þá hugmynd að menntun án aðgreiningar snúist um að sinna sérþörfum sumra nemenda fremur en að koma til móts við þarfir allra nemenda á árangursríkan hátt. Þá þurfi að auka umfjöllun um blandaða kennsluhætti hjá þeim stofnunum sem mennta kennara, einnig þurfi að gefa nemendum tækifæri til þess að ákveða hvenær, hvernig og hversu hratt námið er stundað.<sup>43</sup> Í ljósi þess að flestir fulltrúar skóla, sveitarfélaga og ríkisins telji núverandi námsframboð ekki samræmast markaðri stefnu í menntamálum þurfi ítarleg umræða að eiga sér stað við þær stofnanir sem annast menntun kennara um gæði menntunarinnar.<sup>44</sup>

Æfingakennsla, símenntun, blandaðir kennsluhættir og fagleg starfsþróun eru allt mikilvægir hlekkir í menntun án aðgreiningar. Þó virðist vera einhver misbrestur á þeim í námsuppyggingu kennaramenntunar. Gæði kennslu velta alfarið á því hver hana veitir. Í þessu samhengi má því spyrja sig hvort að starfsfólk tónlistarskólanna sé nægilega vel undirbúið til að starfa undir merkjum menntunar án aðgreiningar og að engum sé mismunað

---

<sup>41</sup> Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. Menntun fyrir alla á Íslandi – Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Óðinsvéum, Danmörku: Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 109.

<sup>42</sup> Ibid, 110.

<sup>43</sup> Ibid, 111.

<sup>44</sup> Ibid, 110.

vegna hæfisskorts starfsfólksins. Ef framfylgja á stefnunni menntun án aðgreiningar í tónlistarskólunum þarf að endurmeta og bæta menntun tónlistarkennara. Kennarar hafa kallað á aukna starfsþróun og símenntun til að öðlast víðtækari sýn og aukið öryggi til að starfa samkvæmt stefnunni. Þá þarf stefnan einnig að vera sýnilegri í námsuppbyggingu þeirra sem veita kennaramenntun

## Tónlistarkennari

Hvaða forsendur hefur tónlistarkennari til að starfa samkvæmt menntun án aðgreiningar? Til að svara þeirri spurningu er gott að átta sig á starfsheitinu tónlistarkennari.. Í sem skemmstu máli þá eru þeir sem eru ráðnir til starfa við kennslu í tónlistarskólum kallaðir tónlistarkennarar. Engin formleg menntunarkrafa er forsenda þess að mega kalla sig tónlistarkennara þar sem starfsheitið er ekki lögverndað. Tónlistarmenntun hefur þó áhrif á það í hvaða launaflokk kennari raðast. Ef tónlistarskólar ætla sér að veita menntun án aðgreiningar eins og lög og námskrár kveða á um þurfa þeir að kalla eftir og vera tilbúnir til að ráða vel menntaða tónlistarkennara.

Í kjarasamningi (gildistími: 1. september 2020 til 31. desember 2021) Sambands íslenskra sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum er að finna bókun 5 frá árinu 2020 um menntun og starfsreynslu. Þar var samþykkt að móta sameiginlega stefnu um hvernig launamyndun vegna menntunar og starfsreynslu tónlistarskólakennara og stjórnenda í tónlistarskólum verði best fyrir komið. Byggja ætti á því umhverfi sem starfsfólk annarra skólagerða byggir við á grunni laga nr. 95/2019 og því markmiði að þeir sem leggja stund á kennslu- og uppeldisstörf hafi menntun í samræmi við störf sín og ábyrgð. Vinnan við þetta átti að hefjast í mars 2021 og vera lokið ekki síðar en 1. desember sama ár.<sup>45</sup>

Miðað við þetta virðist vera sem eitthvað sé að rofa til varðandi menntunarkröfur tónlistarkennara og skýrari línur í starfsumhverfi tónlistarskólanna. Enda ekki vanþörf á miðað við kröfur nútíma samfélags og ekki síður í ljósi markmiða íslenska menntakerfisins og skuldbindinga okkar við alþjóðasamninga.

---

<sup>45</sup> Kjarasamningur Samband íslenskra sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, gildistími: 1. september 2020 til 31. desember 2021, 9.



## Niðurlag

Í mínum huga er það ljóst að markviss innleiðing þeirrar hugsjónar að öll börn skuli eiga kost á gæðamenntun hefur verið klúðursleg. Þau hugtök sem hafa verið notuð til að tákna stefnuna hafa valdið óþarfa ruglingi. Menntun án aðgreiningar er mjög ógagnsætt hugtak og orðið aðgreining ekki heppilegt í samhenginu og þjónar því illa þeirri hugsjón sem það á að gefa til kynna. Það er ómögulegt að segja hvað er verið að aðgreina. Skóli án aðgreiningar er skárri hugtak því það gefur einhverja mynd af því sem við er átt. Ég held að aðal klúðrið sé fólgið í því að orðið aðgreining sé notað í neikvæðum skilningi. Ég leyfi mér að fullyrða að þau hugrenningatengsl sem fólk hefur við orðið aðgreiningu sé ekki eitthvað sem þurfi markvisst að stefna að því að eyða. Orðið aðgreining getur alveg verið notað á annan hátt en til þess að tákna eitthvað neikvætt. Til dæmis er umferð aðgreind, sem er mjög jákvætt. Hugsjónin sem slík, að veita öllum gæðamenntun, felur hins vegar í sér margar kröfur sem þarf að uppfylla svo hún geti orðið að veruleika sem haldbær stefna.

Sá lærdómur sem má draga af upplifun annarra í skólasamfélaginu af stefnunni er að þörf er á úrbótum. Efla þarf þann skilning á stefnunni að hún feli í sér leið til að gefa öllum nemendum kost á gæðamenntun. Margir telja að umræðan um menntun án aðgreiningar sé öðruvísi en að kennsluhættir hafi ekki breyst. Gefa þarf fleiri tækifæri til æfingakennslu í grunnmenntun og námi. Almenn er skoðunin sú að stefnan um menntun án aðgreiningar sé ekki orðin föst í sessi í grunnmenntun kennara og þjálfunin sem kennarar fá er ekki talin falla vel að stefnu ríkis og sveitarfélaga um menntun án aðgreiningar. Þá þurfi að auka umfjöllun um blandaða kennsluhætti og ítarleg umræða þarf að eiga sér stað við þær stofnanir sem annast menntun kennara um gæði menntunarinnar.

Miðað við umhverfið sem tónlistarskólar búa við í dag verður það að teljast mjög vafasamt að þeir geti uppfyllt þær kröfur sem menntun án aðgreiningar fer fram á. Bæði í ljósi þess sem hefur komið fram í skýrslum um stefnuna sem og að engar formlegar menntunarkröfur liggja starfsheitinu tónlistarkennari til grundvallar. Það helst sjálfsagt í hendur við þá tölfræði að verulega hallar á þátttöku nemenda með sérþarfir í almennum tónlistarskólum. Mögulegt

er að tónlistarkennarar séu ragir við að taka á móti slíkum nemendum þar sem þeir hafi ekki fengið viðeigandi menntun. Kann það að vera skýringin á því hvers vegna það halli á þennan hóp frekar en að nemendur með sérþarfir séu ekki velkomnir. Tónlistarkennara vantar almennt viðeigandi menntun til þess að geta sinnt nemendum með sérþarfir á fullnægjandi hátt gagnvart eigin samvisku.

Þá myndi það eflaust hjálpa til að tónlistarskólar væru duglegri að senda þau skilaboð út í samfélagið að þar séu allir velkomnir á eigin forsendum. Það myndi vonandi í hið minnsta gefa foreldrum barna með sérþarfir kost á því að sjá þátttöku í tónlist sem raunhæfan valkost. Að lokum þyrfti að gera úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar innan tónlistarskólanna til þess að fá nákvæmari mynd af því hver staðan er.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 1976. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/111/s/0691.html>

Dómsmálaráðuneytið. *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - ný þýðing* (ártal vantar á þýðingu). Sótt af [https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Mannrettindi-og-jafnretti/Mannrettindi/N%20c3%bd%20c3%be%20c3%bd%20c3%b0ing%20c3%a1%20samningi%20S%20c3%9e%20um%20r%20c3%a9ttindi%20fatla%20c3%b0s%20f%20c3%b3lks%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Mannrettindi-og-jafnretti/Mannrettindi/N%20c3%bd%20c3%be%20c3%bd%20c3%b0ing%20c3%a1%20samningi%20S%20c3%9e%20um%20r%20c3%a9ttindi%20fatla%20c3%b0s%20f%20c3%b3lks%20-%20Copy%20(1).pdf)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. Menntun fyrir alla á Íslandi – Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Óðinsvéum, Danmörku: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir.

Kjarasamningur Sambands Íslenskra Sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, gildistími: 1. september 2020 til 31. desember 2021, 9.

*Lög um fræðslu barna* 1946, 1-2. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/91/s/pdf/0306.pdf>

*Lög um grunnskóla* 2008 nr. 91. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

*Lög um grunnskóla* nr. 66/1995. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/135a/1995066.html>

*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

*Lög um málefni fatlaðra* nr. 59/1992. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/137/1992059.html>

*Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 19/2013. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013019.html>

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, útgáfudagur: 10. desember 2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. *Aðalnámskrá grunnskóla 2011 almennur hluti*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab0>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Bamford, A. *List- og menningarfræðsla á Íslandi*, Reykjavík: 2011.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. *Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar, skýrsla starfshóps*. 2015.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. *Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010*. Sótt af <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftirraduneytum/mennta--og-meningarmalaraduneyti/nr/16591>

Menntamálaráðuneytið. *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. 1999. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab0>

Menntamálaráðuneytið. *Menntun fyrir alla - Yfirlýsing sett fram á alþjóðaráðstefnu UNESCO í Dakar árið 2000. Ísland, skýrsla nefndar*. 2002. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/Dakarskyrsla.pdf>

Menntamálaráðuneytið. *Salamanca-yfirlýsingin og Rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. Reykjavík: menntamálaráðuneytið. 1995. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/salamanca.pdf>

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. *Skóli án aðgreiningar – Samantekt á lögum og fræðilegu efni*.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18, 2. nóvember 1992. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/150b/1992018.2c5.html>

Steinunn Guðný Ágústsdóttir. „Allir með! Tónlistarnám fatlaðra barna – tækifæri og hindranir.“ Meistararitgerð, Listaháskóli Íslands, 2014.